



Reykjavík, 10. október 2025
USK25020274

Úrskurður örnefnanefndar um götuheitið Bjargargata, mál 1/2025

Á 61. fundi götunafnanefndar þann 8. október 2025 var lagður fram úrskurður örnefnanefndar um götuheitið Bjargargata, mál 1/2025

Málsatvik

Með úrskurði dags. 18. febrúar 2025 beindi örnefndanefnd því til Reykjavíkurborgar að velja nýtt heiti á götuna Bjargargötu vegna líkinda heitisins við götuheitið Bjarkargata. Bjargargata stendur í Vatnsmýri og er ein þriggja gatna sem mynduðust við nýlega uppbyggingu á svæðinu í kringum Grósku. Voru þær nefndar Bjargargata, Ingunnargata og Torfhildargata. Þær hlutu allar kvenmannsnöfn með vísan í merkar konur á sviði hinna klassísku fræða; Björgu Caritas Þorláksson, sem var fyrsta íslenska konan til að ljúka doktorsnámi, Ingunni Arnórsdóttur, íslenskri menntakonu og kennara sem var uppi á 12. öld og Torfhildi Hólm, sem var fyrsti íslenska konan sem skrifaði skáldsögur. Þóttu þær falla vel að götuheitum sem fyrir voru á svæðinu og skapa mótvægi við þau karlmannsnöfn sem þær eru kenndar við. Allt eru það heiti sem vísa í merkan fræðaarf Íslendinga; Sturlugata, Aragata, Oddagata, Sæmundargata og Eggertsgata.

Niðurstaða

Nefndinni þótti rétt að gatan fengi áfram kvenmannsnafn svo svæðið héldi þeirri heildarmynd sem komin var á, þar sem götur í vestari og eldri hluta svæðisins væru kenndar við karla en nýju göturnar í austurhlutanum við konur. Var þar ákveðið að kvenmannsnafnið Kristín félli best að svæðinu og að gatan yrði nefnd Kristínargata í höfuðið á Kristínu Ólafsdóttur. Kristín Ólafsdóttir (1889-1971) var fyrsta konan sem lauk prófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands. Hún starfaði sem læknir í Reykjavík og á Ísafirði, rak eigin læknastofu og tók virkan þátt í félags- og fræðslustarfi, meðal annars í Félagi háskólakvenna, sem hún tók þátt í að stofna.



Reykjavík



Svæðið sem gatan stendur við er nýtt uppbyggingarsvæði innan stærra háskólasvæðis sem hýsir rannsóknir og nýsköpun í ýmsum greinum, meðal annars á sviði heilbrigðisvísinda. Þá hafa tvö af stærstu fyrirtækjum Íslands á sviði heilbrigðis- og líftækni aðsetur á svæðinu. Nefndinni þykir því fara einkar vel á að í nýju heiti götunnar megi finna skírskotun til frumkvöðuls á því sviði, Kristínar Ólafsdóttur, sem ruddi braut kvenna í læknisfræði á Íslandi.

Tillaga

Á grundvelli þessa leggur götunafnanefnd til að heiti götunnar sem nú er skráð sem Bjargargata verði breytt og framvegis verði gatan skráð sem ***Kristínargata***.

Brynjar Þór Jónasson
Byggingarfulltrúi
Umhverfis- og skipulagssvið

Afrit:
Samrit:
Hjálagt: